

**Fundargerð 78. fundar Fræðslusjóðs**  
**Mánudaginn 24. september 2018 kl. 14:00 – 15:30**  
**haldinn í Skipholti 50b. 3. hæð**

**Mætt:** Guðrún Ragnarsdóttir, formaður, Ársæll Guðmundsson, Björg Baldursdóttir, Fjóla Jónsdóttir (mætti við lið 3), Garðar Hilmarsson, Halldór Grönvold, Kristín Þóra Harðardóttir.

**Forföll:** Margrét Sigurðardóttir, Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir

**Frá FA:** Sveinn Aðalsteinsson, Björn Garðarsson

**Dagskrá:**

**1. Fundargerð síðasta fundar.**

Fundargerð síðasta fundar samþykkt

**2. Staða sjóðsins.**

Uppfærð staða sjóðsins kynnt m.v. 1. ágúst s.l.

**3. Endurgreiðslur, umsóknir og viðbótarúthlutun.**

Sjá umsóknir og önnur gögn á vef stjórnar.

**Afgreiðsla:** Samþykkt var að veita til vottaðra námsleiða og ráðgjafar í samræmi við umsóknir, en umsóknir Visku og Austurbrúar um samstarf í raunfærnimati var hafnað. Byggist höfnunin á þeirri kröfu sjóðsins að sótt sé um samstarfseiningar samhliða umsókn samstarfsaðila um raunfærnimat. Alls var endurúthlutað 95.074.800 kr. til framkvæmdar.

**4. Fjármagn sjóðsins til gátlistagerðar í raunfærnimatsverkefni**



Sjá fylgiskjal í fundargögnum.


**Afgreiðsla:** Formaður stjórnar og framkv.stj. FA falið að gera drög að samningi milli FA og Fræðslusjóðs um árangurstengdar greiðslur sjóðsins til FA vegna gátlistagerðar sem lagður verði fyrir stjórn á næsta fundi 29. október.

**5. Önnur mál.**

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 15.30.

  
  
Garðar Hilmarsson  
Fjóla Jónsdóttir

  
Halldór Grönvold

Sétt: Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir